

55. gr.

57

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. 12. apríl maí 1958, öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. apríl 1960.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

58

15. apríl

um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

1. gr.

Tollstjóranum í Reykjavík og lögreglustjórum er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda upp í skatta yfirstandandi árs með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, fjárhæð jafnháa helmingi þeirra þinggjalda, er honum bar að greiða næstliðið ár.

Eftirstöðvar þinggjalda hinn 1. ágúst ár hvert er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Nú hefur gjaldandi ekki lokið greiðslu þess hluta þinggjaldsins, sem honum bar að ljúka, áður en 15 dagar eru liðnir frá gjalddaga hans, og er þá allt þinggjaldið þegar fallið í gjalddaga.

2. gr.

Nú hafa tekjur gjaldanda á skattárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á fyrirframgreiðslunni samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi skattyfirvöld ákveða lækkunina.

3. gr.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta er lokið, að gjaldandi hafi þegar greitt meira en álögðum skatti nemur, skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt er ásamt $\frac{1}{2}\%$ vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlu innheimtumanna rikissjóðs.

4. gr.

Um greiðslu samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði tekju- og eignarskattslaga svo og reglugerðar nr. 147/1955, um dráttarvexti, skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupum launtaka upp í skattana, svo og önnur ákvæði eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsluna má taka lögtaki.

5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar koma til framkvæmda frá og með þinggjöldum ársins 1960, samanber þó 6. gr.

6. gr.

Að því er varðar þinggjöld ársins 1960, þá er heimilt að innheimta upp í þau fyrirfram hjá hverjum gjaldanda með tveimur jöfnum greiðslum, er falla í gjald-

58 daga 1. maí og 1. júní. Skal gjaldandi í hvort sinn greiða sem næst 1/5 hluta þeirra
15. apríl gjalda, sem ætla má að honum beri að greiða samtals á árinu, miðað við að tekjur
hans hafi verið þær sömu á árinu 1959 og þær voru árið 1958.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðarinnar um innheimtuna.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. 1. nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt, sbr. 2. málsgr. 102. gr. reglugerðar nr. 147/1955, um tekju- og eignarskatt. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 103 og 115 frá 1957.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

59

20. apríl

REGLUR

um smíði skarsúðaðra tréskipa.

Samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, eru settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Við hvaða skip reglurnar eiga.

Skarsúðuð tréskip, sem smíðuð eru til skráningar (6 metra og lengri), skulu fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í 2.—45. grein þessara reglna. Stærð skipanna sé ekki meiri en svo að $L \times B \times D : 5$ verði minna en 10, og dýptin ekki meira en 41% af breiddinni. Ef $L \times B \times D : 5$ verður minna en 6, má dýptin ekki vera meira en 39% af breiddinni. Stafnrís skal að minnsta kosti vera 4½% af lengdinni, L.

2. gr.

Uppdráttur og smíðalýsing.

Þegar smíða á skip til skráningar eftir þessum reglum, skal senda skipaskoðunarstjóra 3 miðbandsupprætti af skipinu til athugunar og samþykktar, í ekki minni mælikvarða en 1 : 10, áður en byrjað er á smíðinni.

Á uppráttinn skal greinilega áletra öll efnismál, og skal honum einnig fylgja almenn smíðalýsing af skipinu í þremur eintökum.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefur skoðað upprættina og gert sínar athugasemdir um, hvernig smíði og útbúnaði skuli hagað, ritar hann á uppráttinn samþykki sitt.

Skal senda skipasmíðnum eitt eintak og lýsingu, eftirlitsmanni annað eintak og lýsingu, en skipaskoðunarstjóri heldur eftir einu eintaki og lýsingu.

3. gr.

Verkvöndun.

Reglurnar eru miðaðar við það, að öll vinna sé ágætlega af hendi leyst. Þess vegna verður skipaskoðunarmaður sá, sem eftirlit hefur með smíðinni, að gæta